

Hússtjórn Þjóðveldisbæjarins

9. 10. 2023

12:00–12:30

Mætt á Teams: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Vilhelmína Jónsdóttir, Harpa Þórsdóttir sem ritaði fundargerð.

FUNDARGERÐ

Efni fundarins að ræða deiliskipulag, vatn og rafmagnsmál.

Deiliskipulag:

Á fundinum kom fram að deiliskipulag getur tekur allt að 18 mánuði, deiliskipulag þarf fyrir rotþró og þær framkvæmdir sem snúa að vatnsmálum. Við nánari skoðun frá síðasta fundi er orðið ljóst að tímarammi er annar en þá var ræddur við leigutaka og á þessu stigi ekki ljóst hversu mikil vinna felst í deiliskipulagi eða hver kostnaður er.

Ákveðið að ræða um verð og möguleika á deiliskipulagsvinnunni við Sigurð Unnar Sigurðsson sem hefur unnið að deiliskipulagi fyrir hreppinn. Hússtjórn telur sig geta greitt 1–2 milljón fyrir vinnuna og vinnan þarf að vera í góðu samráði við sveitarstjórn. Einnig verði rætt við Ríkiseignir í ljósi eignarhalds, um deiliskipulagið.

Vakin var athygli á því að ekki er um að ræða skipulag fyrir risastrúktúr á staðnum. Bærinn (Þjóðveldisbærinn) stendur stakur ásamt litlu kirkjunni og annað má ekki bera staðinn ofurliði. Einnig var bent á að skoða þyrfti gögn um það þegar staðurinn var upphaflega valinn, m. a. með tilliti til lagningu vegar og bílastæðis. Það væru líkindi með staðsetningu bæjarins að Stöng í sínu umhverfi og Þjóðveldisbæjarins (f. utan fossinn í baksýn).

Rafmagn:

Aukið rafmagn á staðnum er forgangsmál fyrir leigutaka. Samkvæmt teikningum RARIK vegna framkvæmda sem eru í gangi annars staðar í dalnum er Þjóðveldisbærinn fjarri því rafmagni. Leiðsla í bæinn gæti því reynst kostnaðarsöm. Kom þó fram að gert er ráð fyrir hleðslustöðvum fyrir bíla á nokkrum stöðum í dalnum, m. a. Hjálparfoss og Stöng, svo þar gæti möguleiki verið fyrir hendi.

Vatn:

Vatn er tekið af tekið af bænum, lagnir eru tæmdar. Væntanlega er því vatnslögn í veginum frá húsinu við Búrfellsvirkjun að Þjóðveldisbæ. Þarf því ekki að vera stórt verkefni sem snýr að lagningu vatns í þjónustuhús.

Samantekt og næstu skref:

Ef hægt að skoða þetta út frá besta mögulegu: Vatnslögn, rafmagni og hóflegu deiliskipulagi gæti kostnaður verið undir 5 milljónir. Svo bætist rotþró við, gróft áætlað 2 milljón kr. Vilhelmína hafi samband við Ríkiseignir um deiliskipulag og Bjarni skýrði frá því að sveitarfélagið bíður eftir að Umhverfisstofnun fái því yferráð yfir þessum svæðum. Tekjur af hlunnindum á þjóðlendum sem sveitarfélag fær, á að renna í uppbyggingu á sama svæði. Guðmundur talar við Helgu og Helga um tímafaktorinn sem hefur nú breyst, og að gera þurfi ráð fyrir bráðabirgðahúsnæði í aðeins lengri tíma en þau bjuggust við. Þau verði hvött til að sækja um í Framkvæmdasjóð ferðamannaáða um stíginn og skipulag, umsóknarfrestur til 19. okt. og við tókum þátt í þeirri umsókn.

Fá verð í deiliskipulag (Bjarni).

Í framhaldi getur hússtjórnin einbeitt sér að viðhaldsverkefnum.

Fleira var ekki rætt.

Harpa Þórsdóttir ritaði fundargerð.